

urinn ekki sjeð, að það hefði bætt aðstöðu hans í þessu máli að neinu leyti.

Varamennirnir hefðu þá að visu átt rjett á að taka sæti aðalmannanna í stjórninni, ef þeir þá hefðu látið af stjórnarstörfum — en í málinu eru ekki sönnur á það færðar gegn neitun gjörðarþola, að þeir hafi endanlega sagt störfunum af sjer, án tillits til þess, hvort ný skipun færi fram, eða ekki — en aðrir en þeir, hefðu engan rjett átt til þess að vjefengja hina nýju skipun, því skipunin frá 25. apríl 1924 myndaði ekki rjett fyrir aðra til þess að ákveðnir menn væru í stjórn Búnaðarfjelagsins kjörtímabilið út, en hina skipuðu menn. Og þann rjett sinn hefðu varamennirnir orðið að gera gildandi þegar eftir að þeim var orðin hin nýja skipun kunn, því að almannahagur krefst þess, að ekki leiki til lengdar vafi á því, hverjir eru löglegir stjórnendur stofnunar eins og Búnaðarfjelag Íslands er.

Rjetturinn fær því ekki betur sjeð, en að skipun atvinnu-
málaráðherra í stjórnarstöðurnar í Búnaðarfjelagi Íslands 15. maí 1926 hafi verið fullkomlega rjettmæt, og menn þeir sem sögðu gjörðarbeiðanda upp búnaðarmálastjórstöðunni 19. s. m. því bærir um það. Og þar sem eigi hefir verið fundið annað að uppsögninni, en að hún hafi komið frá mönnum, sem ekki voru bærir um að segja stöðunni upp, verður ekki hægt að skoda gjörðarbeiðanda lengur sem búnaðarmálastjóra Búnaðarfjelags Íslands og þá ekki veita honum fógetaaðstöð til þess að vera settur inn í þá stöðu.

Miðvikudaginn 9. febr. 1927.

Nr. 79/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn

Karl H. Modersitzki (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveidabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. apríl 1926: Kæði Karl H. Modersitzki, á strax að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veidarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanbörðs í togaranum „Barmbeck“ H.C. 156 frá Cuxhaven, vera upp-

tækt og andvirðið renna í sama sjóð. Einnfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hinn 27. apríl f. á. kom eftirlitsskipið »Fylla« austan með landi; sá hún þá kl. 5 að morgni nokkur botnvörpuskip framundan Hjørleifshöfða, er virtust innan landhelgis. Var þá sett full ferð á skipið og stýrði það í rjettvisandi vestur; kl. 5,20 áætlaði yfirföngi eftirlitsskipsins að það væri statt á $63^{\circ} 20' 3''$ n. br. og $18^{\circ} 33'$ vestl. lengdar, og sáust þá 5 togarar stjórnborðsmegin og var miðunin til hinna ystu þeirra 273° rjettvisandi. Sigldu allir togaranir út frá landi. Kl. 5,43 var staður skipsins ákveðinn:

Hjørleifshöfði hægri brún rjettvisandi 347° .

Portland klettur vinstri brún rjettv. 284° .

Fimm mínútum síðar kl. 5,48 var staður varðskipsins ákveðinn með hornmælingum þannig:

hornið milli Portlands ysta dranga og Reynisdranga 10°

og milli Reynisdranga og hægri brúnar Hjørleifshöfða 83° .

Við útsetningu á sjókortinu á staðarmiðunum þessum, er fram hefir farið eftir að dómur gekk í hjerði, hefir það komið í ljós, að staður skipsins kl. 5,43 getur ekki komið heim við staðarathugunina kl. 5,48, og hefir yfirföngi eftirlitsskipsins, í brjefi dags. 8. desbr. f. á., er lagt hefir verið fram í hæstarjetti, skýrt þetta á þann veg, að staður skipsins kl. 5,43 sje ekki nákvæmur, þar sem hann hafi ekki verið ákveðinn nema með 2 kompásmiðunum rjett í því að þoku fór að ljetta af landinu. Staðurinn kl. 5,48 er þar á móti ákveðinn með hornmælingum og verð-

ur því að teljast full ábyggilegur og er hann innan landhelgislinunnar.

Samkvæmt skýrslu yfirforingjans á »Fylla« sigldi skipið frá því kl. 5 til kl. 5,48 stöðugt í rjettvisandi vestur og þar sem staður skipsins kl. 5,48 var innan landhelgis, en botnvörpuskip kærða H.C. 156 Barmbeck sást stjórnborðsmegin við eftirlitsskipið frá kl. 5,20 fram undir kl. 5,43 er það eftir staðháttum sannað, að nefnt skip hefir verið innan landhelgis á þessu tímabili. Kærði hefir haldið því fram, að hann hafi dregið vörpu sína úr sjó kl. 7 eftir sinni klukku og kastað henni aftur kl. 7,30 til kl. 7,35 og svarar það til kl. 5,43 eftir íslenskum tíma, og heldur hann því fram, að hann hafi haldið kyrru fyrir þessa $\frac{1}{2}$ kl.-stund, en þessi framburður hans er í beinni mótsögn við skýrslu yfirforingjans, er ber það með sjer, að togarinn hefir stöðugt verið á ferð út frá landinu frá kl. 5,20 þar til hann var tekinn fastur kl. 6,18, og var skipið þá eftir mælingu varðskipsins 2 sjómilur fyrir utan landhelgislinuna. Þar sem nú togarinn var með botnvörpu í sjó og lifandi fisk á þilfari, þykir það sannað, að kærði hafi gerst sekur um brot gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með tilliti til þess, að hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða, þykir sektin hæfilega ákveðin af undirdómaranum 12500 kr. og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýj-
aða lögreglurjettardóms um upptöku afla og veiðar-
færa og um málskostnað staðfestist. Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæsta-
rjetti, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Karl H. Modersitzki á að greiða 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands eða sæta 7 mánaða einföldu fangelsi verði tektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast. — Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og flutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflytningu- og flutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu foringjans á herskipinu „Fylla“, framlagðri í máli þessu, voru athugaðir frá herskipinu kl. 5 að morgni þess 27. þ. m., er það kom að austan með landinu, fimm togarar á stjórnborðshlið. Að 20 mínútum liðnum sáust allir togarnir stefna út á við og þegar klukkan var 5,43 var herskipið samkvæmt mælingum þess statt nálægt Hjørleifshöfða 0,8 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna samkvæmt þessum mðum:

Hjørleifshöfði hægri brún rjettvisandi 347°,

Portland klettur vinstri brún rjettvisandi 284°

og stýrði herskipið rjettvisandi vestur, en allir 5 togararnir í miðun (Pejling) 270° beint framundan. Samkvæmt því og viðurkenning þess á hvaða svæði þeir voru, hlutu allir togarar þessir þá að vera innan landhelgislinunnar og reyndist síðar samkvæmt sömu skýrslu að einn þeirra var togarinn „Barmbeck“ H.C. 156 frá Cuxhaven, sem kærði K. H. Modersitzki, fæddur ²⁰/₂ 1891, er skipstjóri á. En skip þetta var ekki stöðvað fyr en klukkan 6,18 og var þá 2 sjómílu fyrir utan landhelgislinuna og á 180 metra dýpi, með stjórnborðsvörpu í sjó og lifandi fisk á þilfari.

Kærði hefir viðurkennt að hafa kastað vörpu sinni til fiskjar

þegar hans klukka var $7\frac{1}{2}$, og þar sem það eftir uppgjöf hans á hvað klukka hans var þegar hann var stöðvaður var miðevróputími munar það um 2 klukkustundum á úri „Fyllu“, sem notar íslenskan tíma. Síðan hafi hann togað þangað til hann var stöðvaður, en áður hafi hann dregið vörpuna upp kl. 7 eftir sínum síma. Samkvæmt þessu hefir hann verið með net í sjó til fiskjar kl. 5,43 þegar „Fylla“ tók staðarmælingar og athugaði að hann var fyrir innan landhelgislínu, enda kemur það sem kærði ber um þetta heim við framburð fyrsta vjelmeistara hans. Kærði hefir samt sem áður neitað því að hafa verið fyrir innan landhelgislínu á þessum tíma og styður þá neitun sína aðallega við það, að hann hafi verið 0,5—0,7 sjómílu utar en skýrslan ber með sjer, þegar hann var stöðvaður og að dýptarmælingar á stað þeim er skip hans þá var og athugaðar voru af manni frá herskipinu, sýni að staðar-ákvörðun herskipsins um skip sitt þar sje röng, og hann ekki getað komist svo langt með vörpuna á eftir sjer, eins og skýrsla foringja varðskipsins heldur fram. Vjefengir hann á þessum grundvelli aðrar staðarmælingar herskipsins.

Það er tekið fram í áðurnefndri skýrslu herskipsins og er líka kunnugt að dýptarmælingin á þessum slóðum nálægt Hjörleifshöfða, þar sem Kötlutangi myndadist, eru ekki vegna misdýpis nægilegar til þess að skera úr um hvar skip þar nákvæmlega eru. Það verður því alls ekki bygt svo mjög á dýptarmælingu á skipi kærða þegar hann var stöðvaður eins og hann sjer til varnar vill gera láta. Heldur ekki getur það komið til álita gegn staðar-ákvörðun herskipsins kl. 5,43, enda þótt gert sje ráð fyrir, að kærði hafi á skipi sínu aðeins stýrt frá landi með vörpuna á eftir sjer frá kl. 5,30—6,18 eftir íslenskum tíma, eða 48 mínútur. Því hann gat farið 2 sjómílu á þessum tíma ekki sist með tilliti til þess að gera má ráð fyrir fylstu ferð á skipinu. Auk þess ber skýrsla herskipsins með sjer að skip hans var á ferð 10 mínútum áður.

Samkvæmt þessu verður að telja nægilega sannað í máli þessu að kærði hefir gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum og með tilliti til þess að hjer er um samskonar brot í fyrsta sinn að ræða og með hliðsjón af að dagsgengi krónunnar er nú 81,74 af gullkrónu, þykir refsing honum til handa hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500,00, er greiðist nú þegar og rennur í Landhelgissjóð Íslands.

Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir

svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 11. febr. 1927.

Nr. 71/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn

Albert G. W. Bojahr (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 30. apríl 1926: Kærði, Albert G. W. Bojahr á nú þegar að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum „Hamm“ H.C. 152 frá Cuxhaven vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hinn 27. apríl f. á. kl. 5 að morgni kom varðskipið Fylla er þá taldi sig stadda á $63^{\circ} 20' 3''$ n. br. og $18^{\circ} 23' 5''$ v. l. austan með landi og stýrði í rjettvisandi vestur. Sá hún þá nokkra botnvörpunga á stjórnborða framundan Hjörleifshöfða. Virtust þeir í landhelgi og hraðaði hún því ferðinni. Kl. 5,20 taldi hún sig stadda á sama breiddarstigi en á $18^{\circ} 23'$ v. l. Sáust botnvörpungarnir þá enn stjórnborðsmegin frá Fyllu, hinir ystu 273° rjettvisandi, en stefndu þá allir frá landi til hafs. — Kl. 5,43 voru ystu botnvörpungarnir samkvæmt miðunum Fyllu, sem enn stýrði í rjettvisandi vestur, beint framundan henni og bjeldu allir áfram út frá landinu. Nú hafði Fylla